

## Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 4-2016

Tími: Föstudaginn 22. apríl 2016, kl. 10:00, Keldnaholti.

Mætt: Björn Þorsteinsson rektor, Guðni Þorvaldsson, Hilmar Janusson boðaði forföll, Bjarni Stefánsson, Helena Guttormsdóttir, og Þuríður Lillý Sigurðardóttir. Sigríður Hallgrímsdóttir var fjarverandi.

BP ritaði fundargerð.

### 1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt

### 2. Staða deildarforseta - umsóknir sem borist hafa og ferill máls

Átta umsækjendur sóttu um stöðu deildarforseta auðlinda- og umhverfisdeildar en þeir voru: Amirhossein Najarian, Anam Yousaf, Auður Magnúsdóttir, Dorota Feria Escobedo, Guðrún Áslaug Jónsdóttir, Jón Örvar Geirsson Jónsson, Rannveig Anna Guicharnaud og Sæmundur Sveinsson. Fastadómnefnd Verk- og náttúruvísindasviðs HÍ hefur þegar fengið umsóknirnar til að meta akademískt hæfi. Að fengnum þeim dómi hefst ferli viðtala mannauðsráðgjafa vegna mats á stjórnunar-, samstarfs- og samskiptahæfni og umsagnar deildar um um þá umsækjendur sem standast hæfi. Á grundvelli þessara greininga tekur rektor svo endanlega ákvörðun um ráðningu.

### 3. Staða tilraunastjóra - umsóknir sem borist hafa og ferill máls

Um stöðu tilraunastjóra í jarðrækt bárust þrjár umsóknir frá Hrannari Smára Hilmarssyni, Höskuldi Þorbjarnarsyni og Snorra Þorsteinssyni. Rektor óskaði eftir því að fráfarandi deildarráð auðlinda deildar sem undirbjó auglýsinguna veitti umsögn um umsækjendur varðandi hæfi til að gegna starfinu og er sú umsögn í vinnslu. Á grundvelli þeirrar umsagnar mun rektor taka ákvörðun um ráðningu.

### 4. Háskólafundur aðdragandi og skipulag.

Rætt var um undirbúning háskólafundar og tilnefningar þáttakenda á fundinn.

### 5. Styrkir og samstarfssamningar

Mánudaginn 18. apríl sl. var gengið frá viðbótarsamningi skólans við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fyrir árið 2016 að verðmæti 58 [m.kr.](#) og viðræður um 12,5 [m.kr.](#) Þjónustusamning við umhverfisráðuneytið er á lokastigi. Þá hafa fengist tveir stórir rannsóknastyrkir frá Rannís og ýmsir aðrir minni styrkir m.a. fimm styrkir frá Nýsköpunarsjóði námsmanna, styrkur frá Sambandi garðyrkjubænda, Vegagerðinni og fleirum.

Greint var frá fundi rektora Lbhí og Háskólans á Bifröst þann 12.4.2016 þar sem rædd voru möguleg samstarfsverkefnum skólanna. Með á fundinum voru aðstoðarrektor frá Bifröst og forstöðumaður starfs- og endurmenntunardeildar Lbhí. Á fundinum komu fram hugmyndir um fjölbreytt verkefni sem skólarnir geta unnið með áfram, svo sem samstarf um rannsóknir, leiðbeiningu með rannsóknaverkefnum nemenda og nám í búrestrarfræði á fjórða hæfniprepi sem undirbúið hefur verið í samstarfi Endurmenntunar Lbhí og Háskólans á Bifröst.

Þá var rætt um samstarf Lbhí við atvinnuvegin, RML og fleiri aðila varðandi verkefni, greiningu sóknarfæra og stefnumótun. Fram kom að þróunarsjóðir búgreina hafa kvartað undan því að ekki hafi verið sótt nægilega stíft í sjóðina.

## *6. Staða húsakosts á Reykjum*

Rætt var um bágt ástand húsakosts skólans að Reykjum í Ölfusi. Verkfræðistofan EFLA hefur gert úttekt á áhættuþáttum í vinnuumhverfi í tengslum við lekavandamál og myglu. Ný skýrsla liggur fyrir. Mat umsjónarmanns fasteigna er að það kosti 10-15 mkr. að bregðast við þessum atriðum. Þak gróðurskála hefur verið að fjúka burtu í áföngum undanfarin ár. Brýnt er að bregðast við og laga restina. Fjárhagsáætlun fyrir þá aðgerð er um 30. mkr. Brunavarnarúttekt er nýlega gerð á Reykjum og settur fram listi yfir úrbótakröfur. Áætlaður kostnaður er 3. mkr. Samanlagður kostnaður 43-48 mkr. Rektor hefur sett sig í samband við Mennta- og menningarmálaráðuneytið, sent inn öll gögn máls og óskað eftir fundi.

## *7. Önnur mál*

Rætt um gamla staðinn á Hvanneyri, stöðu mála varðandi ástand húsa og viðhald, og næstu skref varðandi möguleika á að bjóða hús út til leigu.

## *8. Næsti fundur.*

Mánudaginn 6. Júní 2016 kl. 10

Fleira var ekki gert og fundi slitið